

**REGLUGERÐ****um löggildingu og eftirlit með rennslismælum fyrir mjólk.****1. gr.**

Óheimilt er að selja mjólk til mjólkurbúa samkvæmt rennslismæli, nema mælirinn hafi áður verið löggiltur.

**2. gr.**

Við prófun á rennslismæli má skekkja hans ekki nema meiru en 1:250 jákvætt eða neikvætt.

**3. gr.**

Rennslismælir fyrir mjólk skal vera af svipaðri gerð og rennslismælar fyrir olíu og benzín. Ávallt skal hafa það mikinn rennslisþrýsting með véldælu, að aldrei þurfi að handdæla, þótt ílát það, sem dælt er í, standi jafnhátt eða hærra en tankur, sem dælt er úr. Þrýstímælir skal vera á hverri mjólkurbifreið, sem notar rennslismæli.

Fasttengdur loftskiljari og sigti skal vera fyrir ofan hvern rennslismæli.

**4. gr.**

Bili rennslismælir ber að taka hann tafarlaust úr notkun.

Ekki má taka hann í notkun aftur fyrr en viðgerð hefur farið fram og hann verið löggiltur að nýju.

**5. gr.**

Skytt er eigendum rennslismæla fyrir mjólk að láta löggilda þá eigi sjaldnar en á árs fresti.

**6. gr.**

Löggildingargjald af rennslismæli fyrir mjólk skal vera sama og af öðrum rennslismælum samkv. gjaldskrá löggildingarstofunnar í Reykjavík, auk þess greiði eigandi rennslismælisins allan annan kostnað við prófun og löggildingu.

**7. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum 9. laga nr. 13 4. júní 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

**8. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 4. júní 1924, um mælitæki og vogaráhöld, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júní 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

**AUGLÝSING****um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli frysts humars á humarvertíð 1973.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll frysts humars á humarvertíð 1973:

**5 × 5 lbs. í skel garndreginn:**

7—9 .....	\$ 4 500	pr. lb.	Cif.	U.S.A.
9—12 .....	\$ 4 230	—	—	—
12—15 .....	\$ 3 915	—	—	—
15—18 .....	\$ 3 465	—	—	—
18—24 .....	\$ 2 925	—	—	—
24—30 .....	\$ 2 250	—	—	—
30—45 .....	\$ 1 575	—	—	—

**4 × 12 lbs. í skel með görn:**

7—15 .....	Lire 1 767	pr. lb.	Cif.	Milano
10—20 .....	— 1 767	—	—	—
15—30 .....	— 1 314	—	—	—
20—35 .....	— 1 314	—	—	—
30—40 .....	— 883	—	—	—
35—60 .....	— 734	—	—	—
45—60 .....	— 734	—	—	—

Verðbil verði 6%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. maí 1973.*

**F. h. r.**  
**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkv. heimild í 65. gr. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Sóleyjargötu til norðurs frá Hringbraut að Njarðargötu.
  2. Umferðarljós verða á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu.
  3. Gangbrautarljós verða á Miklubraut við Stakkahlíð.
- Framangreindar reglur taka gildi 2. júní 1973.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 28. maí 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.